


FJÁRHAGSAÐSTOÐ SVEITARFÉLAGA

HAGDEILD ASÍ



NÓVEMBER 2013



Alþýðusamband Íslands

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Nóvember 2013

Hagdeild ASÍ



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Atvinnuleysi – þróun eftir hrun	5
Atvinnuleysisbætur	6
Fullnýttur bótaréttur	7
Fullnýttur bótaréttur eftir sveitarfélögum	8
Fullnýttur bótaréttur án biðstyrks	9
Félagsþjónusta sveitarfélaga	10
Fjárhagsaðstoð	11
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	14
Framkvæmd fjárhagsaðstoðar	16
Þróun fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna	16
Atvinnuþátttaka viðtakenda fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögum	19
Það sem af er árinu	21
Fjölskyldugerð	22
Samanburður á atvinnuleysisbótum og fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna	23
Úrræði	27
Liðsstyrkur	27
Niðurstaða	29
Heimildaskrá	31



Myndaskrá

Mynd 1. Atvinnuleysi í janúar og júlí 2007–2013 skv. tölum frá Vinnumálastofnun 5

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi einstaklinga eftir sveitarfélögum sem missa bótarétt sinn árið 2013	8
Tafla 2. Fjöldi einstaklinga sem hafa fullnýtt bótarétt sinn hjá Atvinnuleysistryggingasjóði ...	9
Tafla 3. Fjárhæðir barnabóta árið 2013.....	13
Tafla 4. Hækkun grunnfjárhæðar eftir fjölskyldustærð m.v. leið A og leið B	13
Tafla 5. Grunnfjárhæðir sveitarfélaganna	15
Tafla 6. Fjöldi heimila með fjárhagsaðstoð.....	17
Tafla 7. Einstaklingar/fjölskyldur með fjárhagsaðstoð eftir sveitarfélögum.....	18
Tafla 8. Atvinnuþátttaka viðtakenda fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögum	19
Tafla 9. Atvinnustaða einstaklinga með fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg.....	20
Tafla 10. Einstaklingar/fjölskyldur með fjárhagsaðstoð eftir sveitarfélögum.....	21
Tafla 11. Einstaklingar með fjárhagsaðstoð eftir fjölskyldugerð	23
Tafla 12. Grunnfjárhæðir einstaklinga	24
Tafla 13. Grunnfjárhæðir einstaklinga miðað við eitt barn.....	24
Tafla 14. Grunnfjárhæðir hjóna/sambúðarfólks	25
Tafla 15. Grunnfjárhæðir hjóna/sambúðarfólks miðað við tvö börn á þeirra framfæri.	26



Inngangur

Nú þegar hafa hátt í 3 þúsund¹ atvinnuleitenda fullnýtt bótarétt sinn í atvinnuleysistryggingakerfinu en það eru þeir einstaklingar sem hafa verið á atvinnuleysisskrá í þrjú ár eða lengur². Einstaklingar, sem eru án atvinnu og hafa fullnýtt bótarétt sinn, þurfa því að leita á náðir síns sveitarfélags um framfærslu.

Sveitarfélög eru skyldug til að veita íbúum sínum þjónustu og aðstoð sé þess þörf. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Sveitarfélögum ber skylda til að setja sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Fjárhagsaðstoð skal ávallt veitt til þess að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingur og/eða fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr sínum fjárhagsmálum sjálf. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er ætluð einstaklingum og fjölskyldum í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð til að mæta grunnþörfum þeirra.

Fjárhagsaðstoðin getur verið í formi styrks eða láns og skiptist í tvo meginflokka; framfærslustyrk og heimildagreiðslur. Framfærslustyrkur sveitarfélaganna er veittur þeim einstaklingum og fjölskyldum sem geta ekki séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Heimildagreiðslur eru veittar einstaklingum og fjölskyldum vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna náms, frístunda barna eða óvæntra áfalla.

Í þessari samantekt er aðeins fjallað um framfærslustyrk sveitarfélaganna í formi fjárhagsaðstoðar. Þess ber að geta að auk grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðarinnar sem vísað er til í umfjölluninni hafa einhver sveitarfélaganna ákveðið að veita frekari fjárhagsaðstoð sem þá þarf í flestum tilfellum að sækja um sérstaklega.


Samantektin er gerð til þess að safna saman á einn stað upplýsingum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna og umfang hennar. Engar ályktanir er dregnar af þeim upplýsingum sem koma fram heldur er tilgangurinn að vera aflvaki umræðu og stefnumótunar um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, hlutverk hennar og umfang.

¹ Samkvæmt upplýsingum frá Vinnuálastofnun höfðu í lok ágúst sl. 2.154 einstaklingar fullnýtt bótarétt sinn frá 1. september 2012 til ágústloka 2013. Fyrir þann tíma hafði nokkur hópur atvinnuleitenda þegar fullnýtt bótarétt sinn. Þar við bætist að frá 1. september sl. ljúka á annað hundrað atvinnuleitendur bótarétti sinn í hverjum mánuði.

² Með samkomulagi við ASÍ og aðra aðila vinnumarkaðarins framlengdi fyrri ríkisstjórn bótatímabil atvinnuleysisbóta tímabundið úr þremur árum í fjögur með bráðabirgðaákvæði sem féll úr gildi í árslok 2012 og er því bótarétturinn nú þrjú ár samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Bráðabirgðaákvæðið átti aðeins við þá einstaklinga sem fengu fyrst greiddar atvinnuleysisbætur 1. mars 2008 eða síðar.

Atvinnuleysi – þróun eftir hrun

Efnahagshrunið árið 2008 hafði gríðarlegar afleiðingar í för með sér og hefur Ísland þurft að glíma við samdrátt í efnahagslífinu, mikið atvinnuleysi og lágt raungengi krónunnar, auk þess sem fjárfesting hefur verið í sögulegu lágmarki. Eftir hrun var tæplega einn af hverjum tíu vinnufærum einstaklingum án atvinnu en aukið atvinnuleysi er oftast ein alvarlegasta afleiðing samdráttar og kreppu í efnahagslífinu. Nú, fimm árum síðar, búa Íslendingar enn við mikið atvinnuleysi. Atvinnuleysi mældist hæst samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar í mars 2010 eða 9,3% sem hlutfall af fjölda á vinnumarkaði. Á mynd 1 má sjá atvinnuleysistölur í janúar og júlí frá árunum 2007–2013 samkvæmt Vinnumálastofnun. Þar má einnig sjá hvernig atvinnuleysi hefur farið hratt lækkandi á síðustu misserum og mældist 3,9% í júlí 2013. Skráð atvinnuleysi í september 2013 var 3,8% en að meðaltali voru 6.125 atvinnulausir í september og hefur atvinnuleysi ekki verið lægra frá hruni.



Mynd 1. Atvinnuleysi í janúar og júlí 2007–2013 skv. tölum frá Vinnumálastofnun

Hlutfall þeirra sem búa við langtímaatvinnuleysi skv. tölum Vinnumálastofnunar, þ.e. þeir sem hafa verið án atvinnu 12 mánuði eða lengur, hefur farið hækkandi. Árið 2012 voru 26% atvinnulausra búnir að vera í ár eða lengur án atvinnu og tæp 30% höfðu verið án atvinnu í 3–11 mánuði.



Fyrir liggur að raunverulegt atvinnuleysi er töluvert meira en tölur Vinnumálastofnunar gefa til kynna þar sem Vinnumálastofnun telur aðeins þá sem eru á atvinnuleysisbótum. Það þýðir að þeir sem eru án atvinnu en vildu vera í vinnu og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum teljast ekki með í tölum Vinnumálastofnunar. Það á m.a. við um þá einstaklinga sem fullnýtt hafa bótarétt sinn hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Ætla má að ef þessum einstaklingum yrði bætt við þá myndi atvinnuleysisprósentan hækka um eitt prósentustig en atvinnuleysi í ágúst samkvæmt Hagstofunni mældist 4,4% en 4,0% samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun (Hagstofa Íslands, e.d-a; Vinnumálastofnun, 2013).

Í tölum um atvinnuleysi eru ekki taldir með þeir einstaklingar sem taka þátt í sérstökum tímabundnum vinnumarkaðsúræðum sem greidd eru af Atvinnuleysistryggingasjóði, s.s. þeir sem eru á starfspjálfunar- og reynsluráðningarsamningum og Liðsstyrkssamningum.³ Þrátt fyrir að atvinnuleysi hér á landi hafi aukist verulega í kjölfar hrunsins og sé enn hátt í sögulegu samhengi þá er það engu að síður undir meðaltali OECD- og ESB ríkjanna auk þess sem herra hlutfall fólks á vinnualdri er í launuðu starfi á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum.

Bætt atvinnustig er forsenda velferðar í landinu. Alvarlegar afleiðingar atvinnuleysis í bráð og lengd bæði fyrir samfélagið í heild og heimilin í landinu eru öllum ljósar; því er mikilvægt að tryggja hátt atvinnustig.

Atvinnuleysisbætur

Einstaklingar á aldrinum 18–70 ára, sem eru án atvinnu, eiga rétt á atvinnuleysisbótum að því gefnu að þeir hafi áunnið sér bótarétt og uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- í virkri atvinnuleit
- búsettir og staddir hér á landi
- hafa heimild til að ráða sig til vinnu hér á landi án takmarkana
- hafa verið launamenn á ávinnslutímabili
- leggja fram vottorð fyrrverandi vinnuveitanda og vottorð frá skóla þegar það á við
- hafa verið í atvinnuleit samfelld í þrjú virka daga frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst Vinnumálastofnun (Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006)

³Í september voru samtals 924 einstaklingar skráðir í vinnumarkaðsúræði sem greidd voru af Atvinnuleysistryggingasjóði.



Til að viðhalda rétti til atvinnuleysisbóta ber umsækjanda skylda til að staðfesta atvinnuleit 20.–25. hvers mánaðar. Við staðfestingu á atvinnuleit sýnir umsækjandi fram á að hann sé enn án atvinnu og í virkri atvinnuleit.

Grunnfjárhæð atvinnuleysisbóta árið 2013 er 172.609 kr. á mánuði miðað við 100% bótarétt. Ef umsækjandi hefur barn á sínu framfæri yngra en 18 ára eru greiddar 6.904 kr. á mánuði með hverju barni (4% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum) (Vinnumálastofnun, e.d-a.). Fullar atvinnuleysisbætur miðað við eitt barn eru því 179.513 kr. á mánuði.

Einstaklingur, sem hefur fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta, þ.e. fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í þrjú ár, getur áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum. Hann þarf hins vegar að hafa starfað á vinnumarkaðnum í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lýkur og hafa misst starf sitt af gildum ástæðum (Vinnumálastofnun, e.d-b.). Ef einstaklingur hefur starfað á vinnumarkaðnum í a.m.k. sex mánuði vinnur hann sér inn 50% bótarétt. Einstaklingur þarf að hafa starfað á vinnumarkaðnum í eitt ár til þess að afla sér 100% bótaréttar.

Fullnýttur bótaréttur

Stór hópur vinnufærs fólks er án atvinnuleysisbótaréttar og þarf fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum. Sá hópur mun fara stækkandi á næstunni. Þessi þróun hefur þegar leitt til aukinna útgjalda sveitarfélaganna og frekari útgjaldaaukning er fyrir séð á næstunni.

Bráðabirgðaákvæði um lengingu atvinnuleysisbóta í fjögur ár var ekki framlengt um síðustu áramót. Ástæðan fyrir því var talin að bráðabirgðaákvæðið myndi aðeins fresta vandanum ef það yrði lengt um eitt ár í viðbót. Ef ekkert hefði verið gert þá væri líklegt að þeir einstaklingar, sem féllu af atvinnuleysisbótum, væru þar með að falla varanlega af vinnumarkaði með tilheyrandi vanda og tjóni fyrir þá og samfélagið í heild. Það myndi hins vegar leiða til mikils sparnaðar í útgjöldum hjá Atvinnuleysistryggingasjóði en hafa milljarðaútgjöld í för með sér fyrir sveitarfélögin vegna aukinnar fjárhagsaðstoðar. Eins og áður segir var ákveðið að framlengja ekki ákvæðið en setja af stað áttak sem miðaði að því að skapa þeim einstaklingum, sem í hlut eiga, tækifæri til endurkomu inn á vinnumarkaðinn. Áttaksverkefnið Liðstyrkur var sett á laggirnar í samvinnu við Samtök atvinnulífsins, stéttarfélög, sveitarfélögin og ríkið. Markmið verkefnisins er að auðvelda atvinnurekendum nýráðningar á einstaklingum sem hafa verið lengi án atvinnu með niðurgreiðslu á stofnkostnaði nýrra starfa. Með því skapast ný tækifæri bæði fyrir atvinnulífið og þá



einstaklinga sem í hlut eiga þar sem þeir fá þá tækifæri til að koma inn á vinnumarkaðinn að nýju. Nánar verður fjallað um átaksverkefnið Liðsstyrk síðar.

Fullnýttur bótaréttur eftir sveitarfélögum

Haustið 2012 kannaði Vinnumálastofnun fjölda einstaklinga sem myndu ljúka bótarétti sínum á árinu 2013; þeir reyndust vera samtals um 2.000 talsins. Í töflu 1 má sjá fjölda einstaklinga, sem ljúka bótarétti sínum á árinu 2013, flokkaða eftir sveitarfélögum, að því gefnu að allir haldi áfram á atvinnuleysissskrá þar til bótaréttinum ljúki. Vinnumálastofnun miðaði við að bráðabirgðaákvæði um fjögurra ára bótarétt yrði framlengt um síðustu áramót og inni í þessum tölum eru því bæði þeir sem myndu klára 36 mánaða bótarétt (um 300 einstaklingar), sem og þeir sem myndu klára 48 mánaða bótarétt (um 1.600 einstaklingar) (Vinnumálastofnun, 2012).

Sveitarfélag	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	916	48%
Kópavogur	190	10%
Reykjanesbær	184	10%
Hafnarfjörður	178	9%
Akureyri	67	3%
Árborg	56	3%
Garðabær	55	3%
Mosfellsbær	45	2%
Akranes	21	1%
Seltjarnarnes	20	1%
Sandgerði	20	1%
Álftanes	18	1%
Vogar	15	1%
Hveragerði	14	1%
Grindavík	13	1%
Fjarðabyggð	13	1%
Garður	11	1%
Önnur sveitarfélög (<10)	86	4%
Samtals	1.922	100%

Tafla 1. Fjöldi einstaklinga eftir sveitarfélögum sem missa bótarétt sinn árið 2013

Stærsti hluti hópsins, samtals yfir 900 manns eða tæplega 50%, er búsettur í Reykjavík. Í Kópavogi munu 190 einstaklingar ljúka bótarétti sínum á árinu 2013, 184 einstaklingar í



Reykjanesbæ og 178 einstaklingar í Hafnarfirði og er þetta um 10% þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum í hverju þessara sveitarfélaga. Á Akureyri, Árborg og Garðabæ ljúka um 3% einstaklinga bótarétti sínum en í öðrum sveitarfélögum minna.

Fullnýttur bótaréttur án biðstyrks

Um áramótin breyttist hámarkstími atvinnuleysistrygginga og er nú 36 mánuðir með möguleika á 6 mánuðum til viðbótar, svokölluðum biðstyrk. Einstaklingar, sem eiga rétt á biðstyrk, eru þeir sem hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samtals 36 mánuði en skemur en 42 mánuði á tímabilinu eftir 1. janúar 2013 (Reglugerð um styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 2013 til atvinnuleitenda sem eru þátttakendur í verkefninu „Liðsstyrkur“ nr. 47/2013).

Samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun voru um 800 einstaklingar búnir að fullnýta bótarétt sinn og áttu ekki rétt á biðstyrk (búnir að fá atvinnuleysisbætur í 42 mánuði). Þetta hefur gert það að verkum að atvinnuleysi samkvæmt skráningu Vinnumálastofnunar hefur lækkað töluvert nú árið 2013 en á sama tíma hefur töluverður fjöldi færst yfir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Þó ber að hafa í huga að ekki nema hluti hópsins uppfyllir skilyrði sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð.

Eins og sjá má í töflu 2 voru tæplega 800 einstaklingar án bótaréttar um áramótin 2012/2013 samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun. Frá áramótum til júlí 2013 hafa alls 600 einstaklingar misst bótarétt sinn. Samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun má áætla að um 90 einstaklingar missi bótarétt sinn um hver mánaðamót og eru það rúmlega 1.000 einstaklingar á árinu 2013.

	áramót								samtals frá	
	2012/2013	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	Samtals	áramótum 2013
Höfuðborgarsvæðið	570	60	131	36	45	74	37	45	998	428
Suðurnes	108	11	20	9	14	17	8	6	193	85
Vesturland	9	0	4	0	2	2	3	1	21	12
Vestfirðir	1	0	1	0	1	0	0	0	3	2
Norðurland vestra	3	1	0	1	1	0	2	0	8	5
Norðurland eystra	38	0	6	3	9	3	5	2	66	28
Austurland	8	1	1	0	0	1	2	1	14	6
Suðurland	38	5	8	3	6	4	4	4	72	34
Samtals	775	78	171	52	78	101	61	59	1375	600

Tafla 2. Fjöldi einstaklinga sem hafa fullnýtt bótarétt sinn hjá Atvinnuleysistryggingasjóði



Langflestir einstaklinganna, sem hafa fullnýtt bótarétt sinn, eru á höfuðborgarsvæðinu en næstflestir eru á Suðurnesjum, síðan á Suðurlandi og Norðurlandi eystra. Þessar tölur eru í takt við atvinnuleysistölu frá Vinnumálastofnun en atvinnuleysi er mest á höfuðborgarsvæðinu, síðan á Suðurnesjum, Suðurlandi og Norðurlandi eystra. Aðeins tveir einstaklingar af Vestfjörðum hafa misst bótarétt sinn frá áramótum og 12 á Vesturlandi (Vignir Hafþórsson, starfsmaður Vinnumálastofnunar, munnleg heimild, 11.09.2013).

Félagsþjónusta sveitarfélaga

Breyttar forsendur í efnahagsmálum hér á landi hafa haft veruleg áhrif á rekstur sveitarfélaga vegna minnkandi tekna og aukinna útgjalda. Sveitarfélögum er skylt að veita íbúunum fjölbreytta þjónustu og á það meðal annars við um rekstur leik- og grunnskóla og félagsþjónustu. Undir félagsþjónustu falla þjónustupættir eins og fjárhagsaðstoð, niðurgreiðsla húsaleigu og dvalargjalda, húsaleigubætur og önnur félagsleg aðstoð.

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi einstaklinga og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpár. Skal það gert með eftirfarandi hætti:

- a. Að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti
- b. Að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna
- c. Að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi
- d. Að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991).

Með félagsþjónustu er átt við þjónustu, aðstoð og ráðgjöf, meðal annars í tengslum við fjárhagsaðstoð til einstaklinga á vegum sveitarfélaga.

Almenn ákvæði um rétt til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga eru sett fram í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og gilda jafnframt um fjárhagstaðstoð sveitarfélaga:

- Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.
 - Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.



- Með íbúa sveitarfélags er átt við hvern þann sem lögheimili á í viðkomandi sveitarfélagi.
 - Verði eigi upplýst um lögheimili manns er leitar aðstoðar skal honum veitt aðstoð þar sem hann dvelur.
 - Flytjist maður milli sveitarfélaga skal hann eiga rétt til þjónustu í því sveitarfélagi er hann flyst til þegar hann hefur tekið sér þar lögheimili. Enginn öðlast þó rétt til þjónustu eða aðstoðar í öðru sveitarfélagi með dvöl sem ekki er ígildi fastrar búsetu (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991).

Fjárhagsaðstoð

Sveitarfélögunum ber skylda til að veita þeim einstaklingum fjárhagsaðstoð sem ekki eiga réttindi annars staðar og geta með engu móti framfleytt sér með öðrum hætti. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 tóku gildi í mars 1991. Fjárhagsaðstoð beinist að þeim sem ekki geta séð fyrir sér og sínum af eigin launatekjum, lífeyri eða bótum og er fjárhagsaðstoðin samkvæmt lögnum síðasta úrræðið, lægsta öryggisnetið. Allir einstaklingar, sem eiga lögheimili og uppfylla reglur viðkomandi sveitarfélags um fjárhagsaðstoð, eiga með vísan í framangreind lög rétt á framfærslustyrk í formi fjárhagsaðstoðar. Almennt er ekki heimilt að skilyrða fjárhagsaðstoð frekar en aðra framfærslu einstaklinga. Hins vegar getur fjárhagsaðstoð og/eða framfærslustyrkur verið í formi sérstakra húsaleigubóta, félagslegs húsnæðis, niðurfellingar leikskólagjalda eða eitthvað í þá áttina. Jafnframt hafa sveitarfélög nokkuð rúma heimild til að notast við samspil félagslegra úrræða, þ. á m. fjárhagsaðstoðar til að uppfylla framfærsluskyldu sína.⁴

Fjárhagsaðstoðin er ávallt veitt til þess að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingur og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið úr málum sínum sjálf.

Félagsmálayfirvöldum sveitarfélaga er skylt að setja reglur um veitingu fjárhagsaðstoðar og hefur Velferðarráðuneytið gefið út leiðbeinandi reglur þar um og um grunnfjárhæð skv. 21. gr. laga nr. 40/1991. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglum hvers sveitarfélags fyrir sig en sveitarfélög skulu setja sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Um er að ræða tvenns konar reglur, leið A og leið

⁴ Sveitarfélögin hafa um nokkurt skeið óskað eftir breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga í þá veru að skýra betur heimildir til að skilyrða fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga við virkni. Í desember 2012 varð að samkomulagi milli velferðarráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga að skipa starfshóp sem hefði að markmiði að gera tillögu um breytingar á lögnum þessa efnis. Hópurinn skilaði tillögum snemma árs 2013 en málið komst aldrei til umfjöllunar á Alþingi.



B. Leið A tekur mið af framfærslu barna en ekki leið B. Grunnfjárhæð er lögð til grundvallar við ákvörðun fjárhagsaðstoðar og frá henni eru dregnar heildartekjur umsækjanda og maka eftir því sem við á. Bætur eða styrkir annars staðar frá eru talin til tekna og dregin frá grunnfjárhæðinni. Kanna þarf því hvort viðkomandi eigi rétt á greiðslum annars staðar frá, t.d. frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands, sjúkrasjóðum stéttarféлага, lífeyrissjóðum eða Atvinnuleysistryggingasjóði. Í reglum sveitarfélagana um fjárhagsaðstoð er lögð rík áhersla á að viðkomandi hafi fullreynt að fá bætur eða styrk frá öðrum áður en sótt er um fjárhagsaðstoð viðkomandi sveitarfélags.

Í leið A teljast allar tekjur umsækjanda, og maka ef við á, við mat á fjárförf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema greiðslur með börnum, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarféлага, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlofsgreiðslur, meðlag, barnabætur, mæðra-/feðralaun, leigutekjur o.s.frv. Þessar tekjur koma til frádráttar grunnfjárhæð. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur er dreginn frá. Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnaðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með þeim greiðslum (Velferðarráðuneytið, e.d-a.). Í leið B teljast allar sömu tekjur og í leið A til tekna nema meðlag, barnabætur og mæðra-/feðralaun sem eru undanþegin. Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna í leið B enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárförf en þetta er öfugt við leið A (Velferðarráðuneytið, e.d-b.).

Þær fjárhæðir, sem dregnar eru frá í leið B, eru meðlag, mæðra-/feðralaun og barnabætur. Frá og með 1. janúar 2013 nam meðlag 25.175 kr. á mánuði, mæðra/feðralaun miðað við tvö börn árið 2013 voru 7.288 kr. á mánuði og 18.948 kr. á mánuði miðað við þrjú börn eða fleiri. Barnabætur árið 2013 má sjá í töflu 3.

**Einstæðir foreldrar**

Með fyrsta barni	279.087
Með hverju barni umfram eitt	286.288

Hjón/sambúðarfólk

Með fyrsta barni	167.564
Með hverju barni umfram eitt	199.455

Viðbót*

Með hverju barni yngri en 7 ára	100.000
---------------------------------	---------

* Skerðing á viðbót vegna barna yngri en 7 ára er reiknuð sér og er 3% af tekjum umfram mörk, fyrir hvert barn.

Tafla 3. Fjárhæðir barnabóta árið 2013.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er skattskyld og því er nauðsynlegt að viðkomandi skili inn skattkorti til félagsþjónustunnar.

Árið 2010 miðaðist fjárhagsaðstoð við einstakling 18 ára og eldri og var fjárhæðin að lágmarki 125.540 kr. á mánuði samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum velferðarráðuneytisins samkvæmt leið A og B. Ekki hefur verið gefin út leiðbeinandi grunnfjárhæð fyrir árin 2011–2013 en árið 2011 voru sveitarfélögin hvött til þess að grunnfjárhæð ársins 2010 yrði hækkuð þannig að mánaðarleg framfærsla þeirra yrði sambærileg við framfærslu einstaklinga á atvinnuleysisbótum. Árið 2010 voru atvinnuleysisbætur 149.500 kr. á mánuði og hækkunin því 19% milli ára. Hins vegar eru fullar atvinnuleysisbætur árið 2013 172.609 kr. á mánuði sem þýðir 37,5% hækkun frá árinu 2010. Sveitarfélögin tóku misvel undir þessa hvatningu enda er ekkert sveitarfélag með svo háa grunnfjárhæð. Næst því kemst Reykjavíkurborg en fjárhagsaðstoð frá Reykjavík er 163.635 kr. á mánuði. Í töflu 4 má sjá hvernig grunnfjárhæðin hækkar miðað við fjölskyldustærð en tekið er mið af grunnfjárhæð árið 2010.

	Grunnfjárhæð	Leið A		Leið B	
		Margföldunar- stuðull	Fjárhæð	Margföldunar- stuðull	Fjárhæð
Einstaklingur	125.540	1,0	125.540	1,0	125.540
Hjón/sambúðarfólk	125.540	1,6	200.864	1,6	200.864
Tveggja manna fjölskylda	125.540	1,6	200.864	-	-
Þriggja manna fjölskylda	125.540	1,8	225.972	-	-
Fjögurra manna fjölskylda	125.540	2	251.080	-	-
Fimm manna fjölskylda	125.540	2,2	276.188	-	-

Tafla 4. Hækkun grunnfjárhæðar eftir fjölskyldustærð m.v. leið A og leið B



Árið 2011 höfðu 58 af 60 sveitarfélögum með 250 eða fleiri íbúa, sem eru 97% af öllum sveitarfélögum landsins, sett sér reglur um fjárhagsaðstoð sem byggja annað hvort á leið A eða leið B. Þar búa um 99% íbúa landsins. Mikill meirihluti sveitarfélaganna byggir á leið B. Þetta á við um 38 sveitarfélög þar sem 92% íbúa búa (Hagstofa Íslands, 2012). ASÍ hafði samband við 16 sveitarfélög en þar búa yfir 85% íbúa; í ljós kom að einungis Garðabær og Borgarnes byggja á leið A en önnur sveitarfélög byggja á leið B. Því má segja að þessar upplýsingar nái vel yfir viðtakendur fjárhagsaðstoðar á landinu.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Eins og fram kom hér að framan ber hverju sveitarfélagi að setja sér reglur um fjárhagsaðstoð. Reglur þessar eru mismunandi eftir sveitarfélögum en í megindráttum er fjárhagsaðstoð veitt þeim einstaklingum og fjölskyldum sem hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Helsti munurinn milli sveitarfélaga felst í grunnfjárhæðinni, sem veitt er einstaklingum 18 ára og eldri, en einnig er mismunandi hvort fjárhagsaðstoðin tekur tillit til fjölskyldustærðar, þ.e. hvort farin er leið A eða B. Að auki veita sveitarfélög aðstoð vegna sérstakra aðstæðna til einstaklinga og fjölskyldna vegna barna á þeirra framfæri, náms eða óvæntra áfalla. Ásamt þessu setur hvert sveitarfélag öllum þeim sem þeir veita fjárhagsaðstoð skilyrði á meðan á aðstoð stendur.

Framfærslugrunnur fyrir einstakling 18 ára og eldri tekur mið af grunnfjárhæð hvers sveitarfélags og ber hverju sveitarfélagi að endurskoða grunnfjárhæðina einu sinni á ári. Einstaklingur yngri en 18 ára á að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni nema ef einstaklingur hefur barn í sinni umsjá. Framfærslugrunnur vegna einstaklings 18 ára og eldri er 1,0 en vegna hjóna og fólks í sambúð er hann 1,6. Stuðullinn 0,5 er fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem búa með öðrum og deila sannarlega kostnaði af húsnæði en stuðullinn 0,8 er fyrir einstaklinga 18 ára og eldri, sem leigja húsnæði án þinglýsts leigusamnings og sannanlega sýna fram á húsnæðiskostnað, sem og þeirra sem ekki hafa aðgang að húsnæði. Ef sveitarfélag tekur mið af fjölskyldustærð þá hækkar stuðulinn um 0,2 með hverju barni. ASÍ kannaði grunnfjárhæðir stærstu/helstu sveitarfélaganna. Í töflu 5 má sjá grunnfjárhæð sveitarfélaganna.



	Grunnfjárhæð	Hjón/sambúðar- fólk (1,6)	Einstakl. sem býr með öðrum (0,5)	Einstakl. án þinglýsts leigusamning (0,8)	Leið A
Reykjavík	163.635	245.453*	137.871	81.818	
Garðabær	141.683	226.693	70.842	-	x
Hafnarfjörður	148.948	268.089**	74.474	-	
Kópavogur	147.700	236.320	73.850	118.160	
Mosfellsbær	142.290	227.664	71.145	-	
Seltjarnarnes	149.000	238.400	74.500	-	
Reykjanesbær ⁵	129.766	207.625	64.883	-	
Grindavík	128.627	205.803	64.314	-	
Árborg	125.021	200.034	62.511	-	
Fjarðabyggð	141.345	226.152	70.673	-	
Fljótshálsa	144.508	231.213	72.254	-	
Akureyri	144.359	230.974	-	-	
Skagafjörður	144.200	230.720	-	-	
Ísafjörður	144.041	230.466	-	86.425***	
Borgarnes	142.273	227.637	47.420	113.818	x
Akranes	135.055	216.088	67.528	-	

*Framfærslustuðull vegna hjóna/sambúðarfólks í Reykjavík er 1,5

**Framfærslustuðull vegna hjóna/sambúðarfólks hjá Hafnarfirði er 1,8.

*** Framfærslustuðull vegna einstaklings án þinglýsts leigusamnings hjá Ísafirði er 0,6.

Tafla 5. Grunnfjárhæðir sveitarfélaganna

Eins og sjá má í töflu 5 er grunnfjárhæð Reykjavíkur hæst eða 163.635 kr. en grunnfjárhæð Garðabæjar er lægst eða 141.683 kr. af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Garðabær er hins vegar eitt þeirra tveggja sveitarfélaga, sem ASÍ skoðaði, sem tekur mið að fjölskyldustærð, þ.e. fyrir hvert barn hækkar grunnfjárhæðin um 20%, þ.e. leið A.

Reykjanesbær, Grindavík og Árborg eru með grunnfjárhæð á bilinu 125.000 kr. – 130.000 kr. en önnur sveitarfélögin á landsbyggðinni með grunnfjárhæð í kringum 140.000 kr. Sveitarfélögin Fljótshálsa, Akureyri og Skagafjörður eru öll með grunnfjárhæð í kringum 144.000 kr. en Fjarðabyggð og Borgarnes eru með grunnfjárhæð örlítið lægri. Þess má geta að Borgarnes tekur mið af fjölskyldustærð, leið A, eins og Garðabær en er samt sem áður með grunnfjárhæð frekar háa miðað við önnur sveitarfélög. Af þeim sveitarfélögum sem ASÍ

⁵ Þegar einstaklingur eða hjón/sambúðarfólk með barn á framfæri, eru á eða undir framfærslukvarða Reykjanesbæjar, þá hækkar kvarðinn m.v. hvert barn um 12.588 kr. á mánuði.



kannaði þá var sveitarfélagið Árborg með lægstu grunnfjárhæðina eða 125.021 kr. en næst þar á eftir var Akranes með 135.055 kr. á mánuði.

Framkvæmd fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoðin er veitt þeim einstaklingum sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar. Allar tekjur umsækjenda og tekjur maka, ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, eru taldar með við mat á fjárförf. Nokkur sveitafélög veita ekki fjárhagsaðstoð ef umsækjandi á eignir umfram íbúðarhúsnæði og eina fjölskyldubifreið. Til að eiga rétt á fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélaganna þarf viðkomandi að eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Ef viðkomandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingarskírteini frá Vinnumálastofnun sem staðfestir atvinnuleysi hans. Hins vegar setja flest öll sveitarfélögin það skilyrði að viðkomandi þarf að vera virkur í atvinnuleit á meðan viðkomandi nýtur fjárhagsaðstoðar. Einstaklingur, sem er óvinnufær, skal framvísa gildu læknisvottorði þar sem fram koma veikindi viðkomandi og hvers eðlis þau eru og einnig hversu lengi viðkomandi verður óvinnufær. Hafni viðkomandi atvinnu eða segir starfi sínu lausu án skýringa eða hafni hann starfsleitaraetlun skal sveitarfélagið greiða hálfu grunnfjárhæð til framfærslu þann mánuðinn og mánuðinn þar á eftir. Fangar, einstaklingar sem afplána dóm, eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð samkvæmt sveitarfélögum Akranesi, Fjarðabyggð, Ísafjarðabæ, Kópavogi og Reykjanesbæ. Sveitarfélögin Akranes, Akureyri, Fjarðabyggð, Fljótisdalshérað og Kópavogur áskilja sér rétt til að skerða grunnfjárhæð eða synja viðkomandi um fjárhagsaðstoð vegna áfengis- og vímuefnaneyslu.

Í reglum sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð er að finna heimildir til að veita aðstoð við sérstakar aðstæður til fjölskyldna og til tekjulágra foreldra vegna framfærslu barna sinna. Þessi aðstoð sveitarfélaganna getur verið í formi styrks vegna útgjalda til leikskóla, daggæslu, skólamáltíða, frístundaheimilis eða annarrar þátttöku barna í tómstundum eða íþróttum. Viðmiðunarmörk hvers sveitarfélags til foreldra sem þurfa á sérstakri fjárhagsaðstoð að halda, er breytileg eftir sveitarfélögum.

Þróun fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna

Eins og fram hefur komið er líklegt að þeim einstaklingum, sem eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta, muni fjölga verulega á næstu misserum. Ekki er þó hægt að gera ráð fyrir að allur þessi fjöldi færist yfir á félagsþjónustu sveitarfélaganna. Reykjavíkurborg hefur áætlað að 45% þeirra sem missa rétt sinn til atvinnuleysisbóta færist yfir á fjárhagsaðstoð



sveitarfélagsins. Þó að einungis sé miðað við þessa áætlun Reykjavíkurborgar er greinilegt að það stefnir í kostnaðaraukningu hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna. Hér er um að ræða kostnað sem áður var greiddur úr Atvinnuleysisstryggingasjóði.

Ljóst er að fjöldi manns hefur nú þegar misst atvinnuleysisbótarétt sinn án þess að nokkuð annað taki við nema fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum. Samband íslenskra sveitarfélaga áætla að sá fjöldi, ásamt þeim sem myndu fullnýta þriggja ára bótarétt sinn innan ársins 2013, gæti numið allt að 3.700 einstaklingum. Samkvæmt áfangaskýrslu Velferðarvaktarinnar 2011 hafa aldrei jafn margir fengið fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna um allt land og þeim fjölgar sem fá fjárhagsaðstoð til lengri tíma. Suðurnesin og Reykjavíkurborg skera sig úr hvað varðar fjölda þeirra sem þiggja langvarandi fjárhagsaðstoð en aðeins fjórðungur þeirra sem fékk fjárhagsaðstoð á árinu 2010 þurfti einungis á henni að halda í einn mánuð en þetta kemur fram í áfangaskýrslu Suðurnesjavaktarinnar frá 2011 (Velferðarráðuneytið, 2011).

Hagstofa Íslands hefur frá 1997 haldið utan um viðtakendur fjárhagsaðstoðar. Eins og sjá má í töflu 6 fór heimilum, sem fengu fjárhagsaðstoð, fækkandi til ársins 2007 en þeim hefur fjölgað um 80% frá árinu 2007. Í töflu 6 má einnig sjá hvernig þróunin hefur verið eftir hrún. Árið 2005 þáðu 4,3% allra heimila í landinu fjárhagsaðstoð og fækkaði heimilunum til ársins 2007 en frá árinu 2008 hefur þeim fjölgað aftur; árið 2011 námu þau 6,3% en 6,2% árið 2012.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi heimila	4.825	4.579	4.280	5.029	5.994	6.910	7.715	7.736
Fjöldi heimila %	4,3%	4,0%	3,6%	4,1%	4,8%	5,5%	6,3%	6,2%

Tafla 6. Fjöldi heimila með fjárhagsaðstoð

Ef skoðaðar eru tölur frá árinu 2007 og síðar má sjá að alls 4.285 heimili þurftu á fjárhagsaðstoð að halda samanber 7.715 heimili árið 2011 og 7.736 heimili árið 2012. Milli árana 2011 og 2012 fjölgaði heimilum með fjárhagsaðstoð aðeins um 21 heimili og er það viðsnúningur frá fyrri árum en milli árana 2010 og 2011 fjölgaði slíkum heimilum um 805 heimili (Hagstofa Íslands, e.d-b; Hagstofa Íslands, 2013).

Haldið er utan um upplýsingar um einstaklinga/fjölskyldur sem fá fjárhagsaðstoð hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig og má sjá í töflu 7 þau sveitarfélög sem ASÍ skoðaði. Mjög mismunandi er hvernig hvert og eitt sveitarfélag heldur utan um þessar upplýsingar og því er erfitt að bera



nokkra liði saman, s.s. varðandi þá einstaklinga, sem teljast vinnufærir hverju sinni, og einnig þá einstaklinga sem hafa fullnýtt bótarétti sinn hjá VMST og bætast því á skrá yfir þá sem fá fjárhagsaðstoð. Í töflu 7 sést á nokkrum stöðum hversu margir af þeim einstaklingum, sem fá fjárhagsaðstoð, eru vinnufærir. Sem dæmi má nefna að árið 2012 eru 36 einstaklingar í Borgarnesi með fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu og af þeim eru 16 einstaklingar taldir vinnufærir.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Reykjavík	2.072	1.851	1.876	2.487	2.920	3.285	3.295
Hafnarfjörður	274	235	344	458	578	647	660
Garðabær	58	33	62	73	72	91	79
Kópavogur	266	235	396	495	555	658	647
Seltjarnarnes	42	31	36	49	55	60	47
Mosfellsbær	32	29	40	54	68	75	95
Reykjanesbær	173	150	268	304	331	381	460
Grindavík	-	29	45	45	52	58	56
Árborg	75	78	78	135	140	134	138
Fjarðabyggð	23	22	20/8	31/18	52/36	53/38	39/29
Fljótshálsa	-	-	-	-	22/15	16/10	14/8
Akureyri	316	322	365	365	352	377	394
Skagafjörður	30	42	37	49	55	56	65
Ísafjörður	-	-	-	-	62/0	69/0	68/0
Borganes	11/3	15/2	17/6	22/8	24/7	29/13	36/16
Akranes	72	77	120	122	176	193	166
Samtals:	3.433	3.134	3.667	4.667	5.468	6.137	6.209

Tafla 7. Einstaklingar/fjölskyldur með fjárhagsaðstoð eftir sveitarfélögum

Fram til ársins 2008 fækkaði einstaklingum með fjárhagsaðstoð lítillega milli árána. Eftir efnahagshrunið 2008 hefur orðið mikið stökk hvað varðar fjölda einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna og hefur fjölgun átt sér stað nánast í hverju sveitarfélagi milli árána 2008–2012. Hins vegar hefur örlítið fækkun átt sér stað eða hægt á fjölguninni milli árána 2011–2012 en búast má við að einstaklingum á skrá fjölgi milli árána 2012–2013 þar sem bráðabirgðaákvæði um lengingu atvinnuleysisbótaréttar féll niður um áramótin 2012/2013. Ef lítið er á heildarfjölda einstaklinga með fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum árið 2006 voru þeir 3.433 talsins en árið 2012 voru þeir 6.209 og er þetta aukning um 80%. Ekki voru til tölur yfir öll árin hjá öllum sveitarfélögunum og því má áætla að aukningin frá árinu 2006 sé örlítið minni.



Eins og sjá má sker Reykjavík sig úr hvað varðar fjölda einstaklinga á skrá og hefur þeim fjölgað um 60%. Reykjanesbær er einnig með hátt hlutfall einstaklinga á skrá en þeim hefur fjölgað um 66% frá árinu 2006. Mikil fjölgun hefur verið í Kópavogi og Hafnarfirði eftir hrún en frá 2007–2012 hefur einstaklingum á skrá fjölgað um 43% í Kópavogi og um 41% í Hafnarfirði. Sömu sögu má segja í Mosfellsbæ og Árborg en mikil fjölgun hefur verið í báðum sveitarfélögum.

Hafa þarf í huga að þessar tölur segja ekki alla söguna. Það sem skiptir auðvitað líka máli hér, þegar umfang fjárhagsaðstoðar er skoðað, hversu marga mánuði á ári einstaklingar fá aðstoð. Kemur fólk til að fá aðstoð í einn eða jafnvel nokkra mánuði í einu eða í marga mánuði samfleytt? Ekki er svo ítarlega farið í það hér en ef til vill helst það í hendur við aukið atvinnuleysi.

Atvinnuþátttaka viðtakenda fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögum

Eins og fram hefur komið hér að framan hefur einstaklingum á atvinnuleysisskrá fjölgað mjög árin eftir hrún. Eins og sjá má í töflu 8 eru atvinnulausir einstaklingar sem njóta fjárhagsaðstoðar rúmlega þrefalt fleiri 2012 en árið 2007. Einnig er áhugavert að starfandi einstaklingum með fjárhagsaðstoð hefur fækkað frá árinu 2007 úr 897 í 653 árið 2012.

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Alls þekkt	4.265	4.929	5.744	6.694	7.521	7.498
Í starfi	897	1.184	680	793	657	653
þar af í fullu starfi	700	975	485	400	374	359
þar af í hlutastarfi	197	209	195	212	265	274
þar af í hlutastarfi með hlutaatvinnuleysisbætur	-	-	-	181	21	20
Atvinnulausir	1.012	1.272	2.323	2.947	3.634	3.623
þar af með bótarétt	276	401	959	1.154	1.352	1.353
<i>þar af án bótaréttar</i>	<i>736</i>	<i>871</i>	<i>1.364</i>	<i>1.793</i>	<i>2.282</i>	<i>2.270</i>
Annað	2.371	2.573	2.991	3.170	3.424	3.460
Alls	4.280	5.029	5.994	6.910	7.715	7.736

Tafla 8. Atvinnuþátttaka viðtakenda fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögum

Árið 2009 verða töluverðar breytingar varðandi þá sem þiggja fjárhagsaðstoð á vinnumarkaði miðað við árin 2007 og 2008 en þá fjölgar atvinnulausum einstaklingum með fjárhagsaðstoð mikið allt til ársins 2011 og segja má að árið 2012 standi þessi hópur í stað. Samhliða fjölgun



atvinnulausra einstaklinga með fjárhagsaðstoð hefur atvinnulausum einstaklingum án bótaréttar með fjárhagsaðstoð fjölgað mjög en þeir voru 736 árið 2007 en voru árið 2012 2.270. Árið 2011 og árið 2012 voru tæplega 63% hinna atvinnulausu án bótaréttar en það átti við um rúmlega 61% þeirra árið 2010 (Hagstofa Íslands 2011; Hagstofa Íslands 2012; Hagstofa Íslands 2013).

Reykjavíkurborg er eitt þeirra sveitarfélaga, sem ASÍ kannaði, sem sundurliðar þá einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð. Frá og með árinu 2011 hefur Reykjavíkurborg skráð þá einstaklinga sem lokið hafa bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnun og hafa leitað til Reykjavíkurborgar eftir fjárhagsaðstoð. Í töflu 9 má sjá upplýsingar um fjölda þeirra einstaklinga, sem eru atvinnulausir og þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, annars vegar eftir því hvort þeir eru án bótaréttar og þá með útrunninn bótarétt og hins vegar einstaklinga án atvinnu með bótarétt. Þeir einstaklingar, sem falla undir liðinn „annað“, eru án atvinnu og eru ellilífeyrisþegar, í fæðingarorlofi, í launaðri vinnu, með endurhæfingarlífeyri, nemar, sjúklingar eða öryrkjar.

	2011	2012	jan.13	feb.13	mar.13	apr.13	maí.13	jún.13	júl.13	ág. 13	sept.13
Atvinnulaus án bótaréttar	1.021	1.162	555	665	687	708	696	820	789	692	614
<i>Þar af með útrunninn bótarétt</i>	<i>39</i>	<i>38</i>	<i>30</i>	<i>95</i>	<i>104</i>	<i>108</i>	<i>99</i>	<i>80</i>	<i>81</i>	<i>74</i>	<i>81</i>
Atvinnulaus með bótarétt	868	692	174	166	185	181	152	159	145	118	117
Annað	1.396	1.441	641	664	677	660	685	796	770	775	673
Samtals	3.324	3.333	1.370	1.495	1.549	1.549	1.533	1.775	1.704	1.585	1.404

Tafla 9. Atvinnustaða einstaklinga með fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg

Eins og tafla 9 sýnir þiggja 3.324 einstaklingar árið 2011 fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg og fjölgar þeim lítillega milli árána 2011 og 2012. Aftur á móti þiggja 1.370 einstaklingar fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg í janúar 2013 og fjölgar þeim um hver mánaðamót á árinu 2013. Tafla 9 sýnir einnig að mikil fjölgun er í hópi atvinnulausra og með útrunninn bótarétt á árinu 2013. Ef skoðaðar eru tölur frá árinu 2012 og tölur frá fyrstu mánuðum ársins 2013 má sjá mikla fjölgun einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð en þessa fjölgun má rekja til þess að bráðabirgðaákvæðið féll niður um áramótin 2012/2013. Lausleg skoðun Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að um 300 einstaklingar fullnýtti bótarétt sinn á árinu 2013.

Akureyri gaf upp heildarfjölda einstaklinga sem lokið hafa bótarétti og leitað til sveitarfélagsins eftir fjárhagsaðstoð. Árið 2011 fengu 377 einstaklingar fjárhagsaðstoð og þar



af höfðu 8 einstaklingar lokið bótarétti hjá Vinnumálastofnun. Árið 2012 þáðu 394 einstaklingar fjárhagsaðstoð og þar af 21 sem lokið hefur bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnun.

Það sem af er árinu

Nokkur sveitarfélög gáfu upp mánaðalegar tölur á árinu 2013. Tölur frá Reykjavík, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Árborg, Fljótsdalshéraði og Borgarnesi má sjá í töflu 10.

	Reykjavík	Hafnarfjörður	Reykjanesbær	Borgarnes	Árborg	Fljótsdalshérað
janúar	1.370	240	274/104	8/0	50	4/2
febrúar	1.495	275	287/88	8/1	42	5/3
mars	1.549	303	302/98	6/0	46	5/3
apríl	1.549	299	291/82	8/2	50	6/3
maí	1.533	275	253/75	8/3	43	3/
júní	1.775	260	279/76	7/2	39	3/1
júlí	1.704	274	238/72	20/13*	38	1/0
ágúst	1.585	262	220/67	20/15*	31	2/0
september	1.404	249	226/79	-	30	-

*Þeir einstaklingar sem eru vinnufærir í júlí og ágúst eru allir háskólanemar.

Tafla 10. Einstaklingar/fjölskyldur með fjárhagsaðstoð eftir sveitarfélögum

Þess má geta að um áramótin 2010/2011 var lögum um atvinnuleysistryggingar breytt þannig að námsmenn hafa ekki rétt til atvinnuleysisbóta yfir sumartímam. Því má sjá fjölgun vinnufærra einstaklinga í júlí og júní hjá Borgarnesi en það er vegna þess að þá koma inn háskólanemar sem þiggja fjárhagsaðstoð en eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Þessa fjölgun yfir sumarmánuðina má eflaust yfirfæra á önnur sveitarfélög.

Fjölgunin upp úr áramótum hjá Reykjanesbæ má rekja til þess að bráðabirgðaákvæðið var ekki framlengt og misstu nokkuð margir hjá Reykjanesbæ bótarétt sinn um áramótin og áttu rétt á fjárhagsaðstoð. Fækkunina á vormánuðum má rekja til verkefnisins Liðsstyrks en þá var verkefnið komið á fullt skrið. Nú er þessum sex mánaða Liðsstyrksverkefnum að ljúka hverju af öðru á haustmánuðum og kemur hluti þeirra einstaklinga, sem fengu Liðsstyrk, inn á skrá um fjárhagsaðstoð Reykjanesbæjar þegar þessum verkefnum lýkur.



Nokkur sveitarfélög gáfu upp heildarfjölda þeirra sem lokið hafa bótarétti það sem af er árinu, nánar tiltekið Mosfellsbær, Ísafjarðarbær, Akraneskaupstaður og Fjarðabyggð.

Mosfellsbær gaf upp heildarfjölda einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð það sem af er árinu og eru þeir 86 talsins; af þeim eru 65 einstaklingar metnir vinnufærir. Af þeim sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Mosfellsbæ árið 2013 hafa 7 einstaklingar lokið bótarétti sínum.

Einstaklingar, sem fá fjárhagsaðstoð það sem af er árinu hjá Ísafjarðarbæ, eru 44 talsins og þar af enginn sem hefur lokið bótarétti hjá Vinnumálastofnun. Nokkrir eru hins vegar langt komnir með bótarétt sinn hjá Vinnumálastofnun. Einn þeirra einstaklinga er kominn á biðstyrk og bíður eftir Liðsstyrksúrræði. Fáí viðkomandi ekki Liðsstyrksúrræði innan fimm mánaða klárar hann biðstyrkstímann sinn og mun því leita til sveitafélagsins vegna útrunnins bótaréttar.

Það sem af er árinu hafa 119 einstaklingar þegið fjárhagsaðstoð frá janúar til október frá Akraneskaupstað.

Í Fjarðabyggð hefur 41 einstaklingur þegið fjárhagsaðstoð frá janúar til ágúst og af þeim eru 28 einstaklingar taldir vinnufærir.

Fjölskyldugerð

Efnalitlir einstæðir foreldrar búa við mjög bág kjör og er mjög viðkvæmur hópur. Einhleypir karlar og einstæðar konur eru fjölmennustu hóparnir sem hafa fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum. Frá því fyrir efnahagshrun snúa helstu breytingar á fjárhagserfiðleikum einstæðra foreldra að auknum vanskilum og aukinni greiðslubyrði af lánum.

Þegar tafla 11 er skoðuð má sjá að einstæðir barnlausir karlar voru 37,3% af þeim sem þiggja fjárhagsaðstoð og einstæðar konur með börn voru 35,6% af þessum hópi árið 2007. Þessir tveir hópar eru langstærstu hóparnir sem þiggja fjárhagsaðstoð. Einstæðar barnlausar konur árið 2007 voru 15,7%. Athygli vekur að einstæðir karlar og einstæðar konur (báðir hópar barnlausir) voru alls 53% árið 2007 og er þetta meira en helmingur þeirra sem þiggur fjárhagsaðstoð.



	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Einstæðir karlar með börn	2,0%	2,4%	2,4%	2,0%	1,9%	2,1%
Einstæðir karlar, barnlausir	37,3%	39,0%	42,2%	43,6%	43,2%	43,0%
Einstæðar konur með börn	35,6%	32,8%	29,3%	27,1%	26,8%	27,1%
Einstæðar konur, barnlausar	15,7%	17,0%	17,3%	19,1%	19,5%	19,9%
Hjón /sambúðarfólk með börn	7,0%	6,5%	6,7%	5,8%	5,9%	5,5%
Hjón /sambúðarfólk, barnalaus/t	2,3%	2,3%	2,1%	2,3%	2,6%	2,4%
Samtals:	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Tafla 11. Einstaklingar með fjárhagsaðstoð eftir fjölskyldugerð

Tafla 11 sýnir einnig að árið 2012 voru 43% af þeim sem þiggja fjárhagsaðstoð einstæðir barnlausir karlar og hefur þeim fjölgað um tæp 6% frá 2007. En lítil aukning hafði orðið á þörf einstæðra barnlausra kvenna til að þiggja fjárhagsaðstoð fyrir sama tímabil en hlutfall þeirra hefur aukist frá 15,7% í 19,9%. Það gagnstæða hafði gerst hjá einstæðum konum með börn en þeim sem þáðu fjárhagsaðstoð hafði fækkað um tæp 9% og eru árið 2012 27,1%. Alls eru einstæðir karlar og einstæðar konur 62,9% þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2012. Mun minna er um að einstæðir karlar með börn og hjón/sambúðarfólk sé á framfærslu sveitarfélaganna (Hagstofa Íslands, e.d-c.).

Samanburður á atvinnuleysisbótum og fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna

Hér á eftir verða sett fram fjögur dæmi með mismunandi forsendum, þ.e. einstaklingur á atvinnuleysisbótum annars vegar og einstaklingur sem þiggur fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hins vegar. Sams konar dæmi mun verða gefin fyrir hjón/sambúðarfólk. Dæmin verða með og án barna. Þar sem fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna tekur mið af búsetu verða dæmin sett fram í fjórum sveitarfélögum: Reykjavík, Reykjanesbæ, Akureyri og Borgarnesi. Þrjú fyrrnefndu sveitarfélögin fylgja leið B en Borgarnes fer eftir leið A og tekur mið af fjölskyldustærð.

Dæmi 1.

Í töflu 12 má sjá grunnfjárhæð einstaklings á atvinnuleysisbótum og grunnfjárhæð einstaklings með fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Eins og áður hefur komið fram tekur fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna mið af búsetu.



	Atvinnuleysis- bætur	Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna
Einstaklingur	172.609	-
Reykjavík	-	163.635
Reykjanesbæ	-	129.766
Akureyri	-	144.359
Borgarnes	-	142.273

Tafla 12. Grunnfjárhæðir einstaklinga

Þegar viðkomandi einstaklingur hefur lokið bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnun og þarf að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna verður viðkomandi fyrir nokkrum tekjumissi. Ef hann leitar til Reykjavíkur verður hann fyrir tekjumissi upp á 8.974 kr., 42.843 kr. hjá Reykjanesbæ, 28.250 kr. hjá Akureyri og 30.336 kr. hjá Borgarnesi.

Dæmi 2.

Í töflu 13 má sjá grunnfjárhæð einstaklings á atvinnuleysisbótum og grunnfjárhæð einstaklings með fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna með eitt barn á framfæri. Eins og áður hefur komið fram tekur fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna mið af búsetu.

	Atvinnuleysis- bætur	Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna
Einstaklingur með eitt barn	179.513	-
Reykjavík	-	163.635
Reykjanesbæ	-	129.766
Akureyri	-	144.359
Borgarnes	-	170.728

Tafla 13. Grunnfjárhæðir einstaklinga miðað við eitt barn

Þegar einstaklingur hefur lokið bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnun og þarf að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna verður viðkomandi fyrir nokkrum tekjumissi. Ef hann leitar til Reykjavíkur verður hann fyrir tekjumissi upp á 15.878 kr., 49.747 kr. hjá Reykjanesbæ, 35.154 kr. hjá Akureyri og 8.785 kr. hjá Borgarnesi. Lægstur er tekjumissirinn hjá Borgarnesi en það er vegna þess að grunnfjárhæð Borgarness tekur mið af fjölskyldustærð. Hins vegar



eru meðlag og barnabætur dregnar frá tekjum viðkomandi í Borgarnesi þegar tekið er mið af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar. Meðlag er 25.175 kr. á mánuði og barnabætur eru 23.257 á mánuði fyrir einstæðan einstakling miðað við óskertar barnabætur en eftirfarandi upphæðir miðast við barn eldra en 7 ára. Ef þessar tvær upphæðir eru dregnar frá grunnfjárhæð Borgarness kemur í ljós að fjárhagsaðstoð Borgarness er í raun 122.296 kr. á mánuði og er tekjumissirinn í raun 57.217 kr.

Dæmi 3.

Í töflu 14 má sjá grunnfjárhæð hjóna/sambúðarfólks á atvinnuleysisbótum, á atvinnuleysisbótum og lágmarkslaunum (204.000 kr.) og með fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna.

	Atvinnuleysis- bætur	Atvinnuleysisbætur + lágmarkslaun	Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna
Hjón/sambúðarfólk	345.218	376.609	-
Reykjavík	-	-	245.453
Reykjanesbæ	-	-	207.625
Akureyri	-	-	230.974
Borgarnes	-	-	227.637

Tafla 14. Grunnfjárhæðir hjóna/sambúðarfólks

Í töflu 14 má einnig sjá að ef annar aðilinn er á lágmarkslaunum en hinn aðilinn þiggur fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu þá hafa hjón/sambúðarfólk í Reykjavík 245.453 kr. á mánuði. Aðilinn, sem þiggur fjárhagsaðstoð frá Reykjavík, fær aðeins greitt 41.453 kr. á mánuði vegna tekjutengingar við maka, 3.625 kr. á mánuði frá Reykjanesbæ, 26.974 kr. á mánuði frá Akureyri og 23.637 kr. á mánuði frá Borgarnesi.

Tekjumissir atvinnulausra hjóna, þar sem báðir aðilar eru á atvinnuleysisbótum en annar aðilinn er að ljúka bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnun, verður 99.765 kr. hjá Reykjavík en verður 131.156 kr. ef annar aðilinn er að ljúka bótarétti sínum en hinn aðilinn á lágmarkslaunum.



Dæmi 4

Í töflu 15 má sjá grunnfjárhæð hjóna/sambúðarfólks á atvinnuleysisbótum, á atvinnuleysisbótum og lágmarkslaunum (204.000 kr.) og með fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna miðað við tvö börn á þeirra framfæri.

	Atvinnuleysis- bætur	Atvinnuleysisbætur + lágmarkslaun	Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna
Hjón/sambúðarfólk með 2 börn	359.027	383.513	-
Reykjavík	-	-	245.453
Reykjanesbæ	-	-	207.625
Akureyri	-	-	230.974
Borgarnes	-	-	318.691

Tafla 15. Grunnfjárhæðir hjóna/sambúðarfólks miðað við tvö börn á þeirra framfæri.

Ef báðir aðilar eru á atvinnuleysisbótum með tvö börn á framfæri eru mánaðartekjur þeirra 359.027 kr. Ef annar aðilinn er á atvinnuleysisbótum en hinn á lágmarkslaunum miðað við tvö börn á framfæri hafa þessir einstaklingar 383.513 kr. á mánuði. Sömu sögu er hægt að segja hér og í dæmi 3 að þegar annar aðilinn er á lágmarkslaunum en hinn með fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna skerðast tekjur hins síðarnefnda vegna tekjutengingar við maka. Aðilinn, sem þiggur fjárhagsaðstoð frá Reykjavík, fær aðeins greitt 41.453 kr. á mánuði vegna tekjutengingar við maka, 3.625 kr. á mánuði frá Reykjanesbæ, 26.974 kr. á mánuði frá Akureyri en 114.691 kr. á mánuði frá Borgarnesi en þessi háa upphæð er vegna þess að grunnfjárhæð í Borgarnesi hækkar miðað við fjölskyldustærð. Hins vegar eru barnabætur dregnar frá tekjum viðkomandi hjóna/sambúðarfólks í Borgarnesi þegar tekið er mið af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar. Barnabætur fyrir hjón með tvö börn á framfæri eru 30.585 á mánuði miðað við óskertar barnabætur en eftirfarandi upphæð miðast við barn eldra en 7 ára. Ef þessi upphæð er dregin frá grunnfjárhæð Borgarness kemur í ljós að fjárhagsaðstoð Borgarness sé í raun 288.106 kr. á mánuði og er tekjumissirinn í raun 95.407 kr.

Tekjumissir atvinnulausra hjóna, þar sem báðir aðilar eru á atvinnuleysisbótum en annar aðilinn er að ljúka bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnun, verður 113.574 kr. hjá Reykjavík en verður 138.068 kr. ef annar aðilinn er að ljúka bótarétti sínum en hinn aðilinn á lágmarkslaunum.



Það er því óhætt að segja að þegar um hjón/sambúðarfólk er að ræða og annar aðilinn er að ljúka bótarétti sínum þá þarf að mestu leyti að treysta á tekjur maka.

Úrræði

Frá árinu 2009 hafa stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins unnið saman að aðgerðum gegn atvinnuleysi og áhrifum þess. Það samstarf hefur skilað hátt í 20.000 einstaklingum lengri úrræðum með nýjum störfum, skólagöngu og starfsendurhæfingu. Þessi viðamikla starfsemi hefur miðað að því að nýta fjármagn, sem ella hefði verið greitt út sem bætur, til að skapa þeim einstaklingum, sem ella hefðu þegið þær, tækifæri í störfum og námi.

Í upphafi var áherslan á að koma atvinnuleitendum sem fyrst til virkni. Það var gert með átaksverkefnum Ungt fólk til athafna fyrir yngri en 30 ára og síðan ÞOR, þekking og reynsla fyrir þá sem eldri voru.

Á öðru stigi aðgerða var áherslan á að koma þeim atvinnuleitendum, sem áhuga höfðu á, í nám. Þetta var gert haustið 2011 með áttakinu Nám er vinnandi vegur þegar um 1.000 atvinnuleitendur fóru af bótum í skóla, auk þess sem framhaldsskólarnir voru opnaðir fyrir ungu fólki að 25 ára aldri. Í heild hafa á fjárlögum og fjáráukalögum áráanna 2010 fram til næsta árs um 7 milljarðar króna verið færðir úr bótakerfinu yfir í menntakerfið til að styrkja það og gera það kleift að taka við þessum einstaklingum.

Í þriðja lagi hefur frá árinu 2012 allt kapp verið lagt á að skapa þeim atvinnuleitendum, sem eftir voru á skrá, tækifæri til nýrra starfa með virkum aðgerðum og styrkveitingum til þeirra atvinnurekenda sem fjölga starfsfólki með því að ráða langtímaatvinnuleitendur til starfa. Þetta var fyrst gert með opnu átaki, Vinnandi vegur, fyrir alla þá atvinnuleitendur, sem höfðu verið án vinnu lengur en 12 mánuði, og nú í ár með Liðsstyrk fyrir þá sem eru að fullnýta sinn bótarétt og falla af atvinnuleysissskrá.

Almennt má segja að árangur þessara sameiginlegu verkefna hafi verið góður og átt mikinn þátt í bættri stöðu atvinnuleitenda auk þess sem atvinnuleysi hefur minnkað (Guðbjartur Hannesson, 2013).

Liðsstyrkur

Í árslok 2012 gerðu sveitarfélögin, ríkið og aðilar vinnumarkaðarins með sér samkomulag um átak til að mæta aðstæðum einstaklinga sem hafa eða munu á árinu 2013 fullnýta rétt sinn til



bóta í atvinnuleysistryggingakerfinu. Meginmarkmið verkefnisins er að virkja þessa einstaklinga til þátttöku á vinnumarkaði að nýju og koma í veg fyrir að langvarandi atvinnuleysi leiði til óvinnufærni. Þeir einstaklingar, sem eiga rétt á Liðsstyrk, eru atvinnuleitendur sem hafa fullnýtt eða munu fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á tímabilinu frá 1. september 2012 fram til 31. desember 2013. Skilyrði er að viðkomandi skrái sig til þátttöku í verkefninu. Markmiðið er að öllum þessum einstaklingum verði boðin starfstengd vinnumarkaðsúrræði á árinu 2013, annað hvort með tilboði um starf eða þátttöku í starfsendurhæfingu.

Í lok ágúst höfðu 2.412 störf verið skráð í starfabanka vegna Liðsstyrks. Af þeim voru 1.484 á almennum vinnumarkaði, 854 hjá sveitarfélögunum og 72 hjá ríkinu. Ráðið hafði verið í 908 störf, 574 störf höfðu verið afturkölluð eða afskráð og 538 störf voru í miðlun.

Samkvæmt skýrslu verkefnisstjóra Liðsstyrks hefur verkefnið gengið vel og sýnir það að mikilvægt er að hafa markvissar vinnumarkaðsaðgerðir. Almenn ánægja er með verkefnið bæði meðal atvinnuleitenda og atvinnurekenda. Meiri ánægja er þó meðal atvinnurekenda en verkefnið felur í sér ákveðna þvingun gagnvart atvinnuleitandanum sem ekki er heimilt að hafna tilboði um vinnu án afleiðinga (Runólfur Ágústsson, 2013).



Niðurstaða

Afleiðingar aukins atvinnuleysis eftir hrun endurspeglast í tölum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Í tölum frá Hagstofunni er augljóst samband atvinnuleysis og fjölda þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar á hverjum tíma. Fyrir þá einstaklinga, sem missa atvinnu og eiga engan eða lítinn rétt til atvinnuleysisbóta, er fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sú lágmarksframfærsla sem hinu opinbera ber að tryggja.

Óhætt er að segja að miklar breytingar hafa orðið í samfélaginu síðastliðin ár frá hruni sem hafa haft veruleg áhrif á eftirspurn eftir fjárhagsaðstoð. Hægt er að sjá fylgni milli aukningar atvinnuleysis og aukningar fjárhagsaðstoðar. Nú síðustu ár má einnig sjá mikla fjölgun atvinnulausra einstaklinga með fjárhagsaðstoð án bótaréttar. Jafnframt hafa orðið breytingar á hópi þeirra sem sækja um slíka aðstoð og notendur fá þjónustu til lengri tíma. Umfjöllunin hér að framan sýnir að sveitarfélögin hafa ólíkar reglur um fjárhagsaðstoð. Misjafnt er hvað sveitarfélögin reikna inn í framfærslugrunn sinn, hvernig þau meðhöndla tekjur og áhrif fjölskyldustærðar en með þessu skapast mismunandi reglur sem leiða til þess að upphæð framfærslu verður ekki sú sama frá einu sveitarfélagi til annars. Einstaklingar sem búa við sama vanda eiga því rétt á mismunandi aðstoð allt eftir því í hvaða sveitarfélagi þeir búa.

Eins og sést hér í dæmunum að framan verða einstaklingar og/eða fjölskyldur fyrir nokkrum tekjumissi þegar viðkomandi færast af atvinnuleysisbótum yfir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Dæmin hér að framan sýna einnig að ef um hjón/sambúðarfólk er að ræða og annar aðilinn er að ljúka bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnum verða þau í raun fyrir miklum tekjumissi vegna tekjutengingar maka.

Ekki er haldin skrá um þá einstaklinga sem sækja um fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum og þurfa frá að hverfa vegna þess að þeir eru með tekjur yfir viðmiðunarmörkum vegna tekjutengingar maka eða uppfylla ekki ákveðin skilyrði sem sett eru. Það er erfitt að átta sig á því hvert þessir einstaklingar leita eftir fjárhagsaðstoð.

Huga þarf að því að bæta stöðu þeirra sem lokið hafa rétti sínum til atvinnuleysisbóta og detta alfarið út af bótum ef maki þeirra er í launaðri vinnu með tekjur yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Mikilvægt er að skilgreina þarfir fyrir alla þá einstaklinga, sem leita til sveitarfélaganna, og bjóða upp á varanleg úrræði.

Samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og þau verkefni, sem ráðist hefur verið í eftir hrun, staðfesta mikilvægi þess að beita virkum vinnumarkaðsaðgerðum til að draga úr



atvinnuleysi og auðvelda fólki, sem misst hefur vinnuna, endurkomu á vinnumarkaðinn. Þær eru jafnframt besta leiðin til að koma í veg fyrir að einstaklingar fullnýti bótarétt sinn í atvinnuleysistryggingakerfinu og þurfi að leita eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir og starfsendurhæfing eru þannig best til þess fallnar að bregðast við og draga úr langtímaatvinnuleysi sem leitt getur til örorku.



Heimildaskrá

Guðbjartur Hannesson. (2013). *Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um árangur vinnumarkaðsaðgerða fyrir ungt fólk*. Reykjavík: Alþingi.

Hagstofa Íslands. (2013). Félagsþjónusta sveitarfélaga 2012. *Hagtíðindi*, 98(34). Reykjavík: Höfundur.

Hagstofa Íslands. (2012). Félagsþjónusta sveitarfélaga 2011. *Hagtíðindi*, 97(31). Reykjavík: Höfundur.

Hagstofa Íslands. (2011). Félagsþjónusta sveitarfélaga 2008–2010. *Hagtíðindi*, 96(32). Reykjavík: Höfundur.

Hagstofa Íslands. (2010). Félagsþjónusta sveitarfélaga 2007–2009. *Hagtíðindi*, 95(36). Reykjavík: Höfundur.

Hagstofa Íslands. (e.d-a). *Vinnuafli, starfandi, atvinnulausir og vinnustundir – Mæling – Mánaðarlegar tölur 2003–2013*. Sótt 12. september 2013 af <http://hagstofa.is/?PageID=2594&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=VIN00001%26ti=Vinnuafli%2C+starfandi%2C+atvinnulausir+og+vinnustundir+%2D+M%E6ling+%2D+M%E1na%F0arlegar+r+t%F6lur+2003%2D2013+++++++%26path=../Database/vinnu+markadur/rannsoknir/%26lang=3%26units=Fjöldi/Hlutfall>

Hagstofa Íslands. (e.d-b.). *Viðtakendur fjárhagsaðstoðar og meðalgreiðslur 1997–2011*. Sótt 26. september 2013 af <http://hagstofa.is/?PageID=770&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=HEI09101%26ti=Vi%F0takendur+fj%Elrhagsa%F0sto%F0ar+og+me%F0algrei%F0slur+1997%2D2011+++%26path=../Database/heilbrigdismal/fjarhagursvf/%26lang=3%26units=Fjöldi/krónur>

Hagstofa Íslands. (e.d-c.). *Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir fjölskyldugerð, aldri og landsvæðum 1997–2011*. Sótt 26. september 2013 af <http://hagstofa.is/?PageID=770&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=HEI09102%26ti=Vi%F0takendur+fj%Elrhagsa%F0sto%F0ar+sveitarf%Elaga+eftir+fj%F6lskylduger%F0%2C+aldri+og+landsv%Elum+1997%2D2011+++%26path=../Database/heilbrigdismal/fjarhagursvf/%26lang=3%26units=Fjöldi>

Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reglugerð um styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 2013 til atvinnuleitenda sem eru þátttakendur í verkefninu „Liðsstyrkur“ nr. 47/2013.

Runólfur Ágústsson (2013). *Liðsstyrkur. Stöðuskýrsla: Mat á stöðu og framgangi verkefnis í ágúst 2013*. Óútgefin skýrsla.

Velferðarráðuneytið. (2011, júní). *Áfangaskýrsla samstarfshóps á Suðurnesjum*. Reykjavík: Höfundur.



Velferðarráðuneytið. (e.d-a.). *Leiðbeiningar um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.* Sótt 14. september 2013 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Leidbeiningar_um_fjarhagsadstod_sveitarfelaga_leid_Ades09.pdf

Velferðarráðuneytið. (e.d-b.). *Leiðbeiningar um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.* Sótt 14. september 2013 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Leidbeiningar_um_fjarhagsadstod_sveitarfelaga_leid_Bdes09.pdf

Vinnumálastofnun. (2012, ágúst). *Horfur á vinnumarkaði, þróun atvinnuleysis og útgjöld Atvinnuleysisstryggingasjóðs.* Sótt 27. september 2013 af **Error! Hyperlink reference not valid.**

Vinnumálastofnun. (2013). *Staða á vinnumarkaði. Ágúst 2013.* Sótt 14. september 2013 af <http://www.vinnumalastofnun.is/files/ágúst%202013.pdf>

Vinnumálastofnun. (e.d-a.). *Atvinnuleysisbætur. Fjárhæðir atvinnuleysisbóta.* Sótt 27. september 2013 af <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleysisbaetur/fjarhaedir-atvinnuleysisbota/>

Vinnumálastofnun. (e.d-b.). *Atvinnuleysisbætur. Réttur til atvinnuleysisbóta. Bótatímabil.* Sótt 27. september 2013 af <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleysisbaetur/rettur-til-atvinnuleysisbota/botatimabil/>